

Nd.

106. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

3. málslíður 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal auglýsa lögreglustjóraembættið í Reykjavík laust til umsóknar með hæfilegum fyrirvara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Með breytingu þeirri, sem gerð var 1939 á lögum um dómsmálastörf o. fl. í Reykjavík, var svo ákveðið, að lögmaður, sakadómari og tollstjóri skyldu fullnægja almennum dómarskilyrðum, þar á meðal hafa lokið lagaprófi. Um lögreglustjórnann í Reykjavík var hins vegar heimiluð undanþága frá þessum skilyrðum. Í ársbyrjun 1940 var svo settur til starfans, án þess að embættið væri auglýst til umsóknar, ólög-
lærður maður og hefur gegnt því síðan.

Ráðstöfun þessi hefur eðlilega sætt mikilli gagnrýni. Í störfum lögreglu og lög-
reglustjóra koma fyrir fjölmörg tilvik, sem gera það fullkomlega nauðsynlegt, að yfirmaður lögreglunnar hafi trausta lögfræðilega þekkingu. Sérstaklega verður að telja slíka þekkingu stjórnanda lögreglunnar á höfuðstað landsins nauðsynlega.

Til réttlætningar því, að fyrrgreindur embættismaður þyrfti ekki lögfræðipek-
kingu, hefur því stundum verið haldið fram, að slík þekking væri honum ekki nauð-
synleg vegna þess, að honum væri séð fyrir löglærðum fulltrúa. En veilurnar í þess-
ari afsökum eru auðsæjar. Samkvæmt henni mætti t. d. segja, að skipstjóra væri óþörf
siglingamenntun, ef stýrimaður hans hefði slíka menntun. Auk þess væri sú regla
óhafandi í embættaveitingum, að þekkingarskortur embættismanna skyldi bættur
upp af undirmönnum þeirra.

Með slíkri reglu væri stefnt út á hina háskasamlegustu braut og fullkomnasta
öryggisleysi fyrir almenning.

Flm. þessa frv. telja, að við svo húið verði ekki unað í þessum efnum. Þess vegna
er hér lagt til, að numin sé úr gildi undanþáguheimildin um lögreglustjórnann í
Reykjavík og þess krafizt, að hann fullnægi sömu skilyrðum og allir aðrir lögreglu-
stjórar landsins. Er og auðsætt, hvílíkt ósamræmi er í því, að lagaþekkingar skuli
krafizt af lögreglustjórum í smákauptúnum úti um land, en lögreglustjórnin í sjálfri
höfuðborg landsins, þar sem þriðjungur þjóðarinnar býr, skuli ekki þurfa að full-
nægja slíkum skilyrðum. Má í þessu sambandi benda á, að meðal lögfræðingastéttar
landsins er slíkur háttur, sem hér er á hafður, almenn tálinn óhafandi.